

Franski myndhöggvarinn Henri Laurens hafði mikinn áhuga á kúbismanum. Þetta sést greinilega á höfði og efri hluta líkama **Liggjandi konu**. Getur þú fundið nokkur geómetrisk grunnform í verkinu og lýst þeim?

Þjóðverjinn Fritz Schwegler og Bandaríkjamaðurinn Sol LeWitt vinna báðir með geómetrisk form í verkum sínum. Veldu þér eitt af verkum þeirra og teiknaðu eða lýstu með orðum.


Skoðaðu önnur verk á sýningunni og reyndu að finna, og skrá hér, þau verk sem þú sérð að bera greinileg geómetrisk form.



Henri Laurens
Liggjandi kona 1921



Fritz Schwegler
Myndröð níu bronsverka
1964/1966



Sol LeWitt
Líkan HRZI 1 1990